

**Nd.** **542. Frumvarp til laga** [186. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Jórvík í Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eyðijörðina Jórvík í Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu, Guðmundi Pálssyni bónda, Jórvíkurhjáleigu. Verð jarðarinnar fer eftir því sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Efni þessa frv. kom fram í brtt., er tveir þingmenn Austurlandskjördæmis, JP og VH, fluttu við frv. á þskj. 234 um sölu jarðarinnar Grísatungu í Mýrasýslu. Við athugun þess máls komu fram meinbugir, sem valda því, að landbúnaðarnefnd taldi sig ekki geta mælt með samþykkt þess. En nefndin fékk umsögn landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins um brtt. um sölu Jórvíkur, Hjaltastaðahreppi. Mæltu þeir aðilar báðir með sölunni. Þess vegna er frv. þetta flutt.